



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2021

ENSK2HB05: Hagnýt enska

Kennarar:	Guðfinna Gunnarsdóttir	Sk.st.	GG
	Luis F.T. Meza	Sk.st.	LFM

Áfangalýsing:

Nemendur eru þjálfaðir í undirstöðuatriðum enskrar málnotkunar. Áhersla er lögð á að nemendur lesi fjölbreytilega texta. Áhersla er á markvissar hlustunaræfingar og æfingar í ensku talmáli, m.a. í tengslum við lestrar- og hlustunarefni. Áhersla er lögð á að byggja upp hagnýtan og virkan orðaforða. Skriflegi þátturinn er þjálfaður með fjölbreyttum æfingum í takt við skilgreinda færni og málnotkunaratriði sem stefnt er að í áfanganum.

Undanfari: Einkunnin B upp úr grunnskóla / 1. þrep staðið

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á orðaforða sem nauðsynlegur er til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins, þ.m.t. orðasamböndum og þverfaglegum orðaforða; notkun tungumálsins til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins bæði munnlega og skriflega; helstu hefðum um uppsetningu og skipulag ritaðs máls

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að skilja talað mál við mismunandi aðstæður; lesa margs konar tegundir texta; taka þátt í einföldum samskiptum á viðeigandi hátt; tjá sig um málefni sem hann hefur kynnt sér og undirbúið; skrifa margs konar texta, formlega og óformlega.

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að skilja daglegt mál; tileinka sér efni ritaðs texta; tjá sig á skiljanlegan hátt og beita tungumálinu; skrifa læsilega texta um margs konar efni og einnig frá eigin brjósti.

Námsefni:

Headway Upper-Intermediate Fourth Edition (Student's book)

A Streetcat named Bob James Bowen

Smásögur í Innu

Ensk – íslensk skólaorðabók eða sambærileg góð ensk/ensk orðabók

Sérreglur áfangans:

Ætlast er til að nemendur fylgist með nánari kennsluáætlun og tilkynningum í Innu. Gefin er einkunnin 0/núll fyrir próf/verkefni sem ekki er tekið/skilað nema lögleg forföll (L, V eða W í Innu) komi til. 1-2 tímar í lok annar verða notaðir í sjúkrapróf/skráp þar sem nemendur með lögleg forföll geta lokið prófum af önninni. **Þetta gildir líka um eldri nemendur áfangans.** Nemendur fæddir 2001 eða fyrr sem ekki geta sótt tíma að öllu jöfnu verða í byrjun annar að ganga frá samningi mætingar og vinnu á önninni.

Fyrirkomulag námsmats:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Headway	Kaflapróf úr amk 4. köflum sem farið verður yfir á önninni og önnur verkefni, ritun, hlustun osfrv.	40%
Smásögur	Verkefni úr 5 smásögum	15%

Streetcat	Munnlegt verkefni	5%
Streetcat	Verkefni	15%
Önnur verkefni	Ýmis verkefni	25%

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Selfossi 5. janúar 2021

Guðfinna Gunnarsdóttir, Luis F.T. Meza
kennslustjóri / kennarar